

Reglugjörð

95
30. júní

um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

Samkvæmt heimild í 1. gr. bráðabirgðalaga 24. maí þ. á., um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjermeð sett eftirfarandi fyrirmæli.

1. gr.

Bannað er að flytja út frá Íslandi hverskonar farm eða farmhluta, í öðrum skipum en þeim, er í ferð sinni til ákvörðunarstaðarins koma við í breskri höfn. Þetta gildir þó eigi um skip, er hjeðan fara beint til Ameríku með farm eða farmhluta, ef stjórnarráð Íslands veitir samþykki sitt til þess.

2. gr.

Áður en skipa megi farmi þeim eða farmhluta, er í 1. gr. segir, út í skip hjeðan til útlanda, skal skipstjóri undirrita og afhenda lögreglustjóra eða umbodsmanni hans skuldbindingu um viðkomu í breskri höfn, svo sem í 1. gr. að ofan er fyrir mælt, og má ekki afgreiða skip af íslenskri höfn, nema skipstjóri hafi áður gefið slíka skuldbindingu.

3. gr.

Bæði sá, er út lætur flytja, án þess að ákvæðum 2. gr. sje fullnægt, og skipstjóri, skal sekur talinn við ákvæði 2. gr.

4. gr.

Sá, er byrjar að skipa út, án þess að slík skuldbinding sje gefin, sem í 2. gr. segir, skal sæta sektum frá 200—10000 krónum, og telst bæði sá, er út lætur skipa, og skipstjóri sekur um þetta brot.

Ef skip fer hjeðan með farm eða farmhluta, án þess að skipstjóri hafi gefið fyrirskipaða skuldbinding, skal bæði sá, er út hefir látið flytja, og skipstjóri sæta sektum, hvor í sínu lagi frá 10000—50000 krónum.

Skipstjóri, sem án alment óviðráðanlegra atvika brýtur skuldbindingu sína, er hann gefur samkvæmt 2. gr., skal sæta sektum frá 10000—100000 krónum, og telst líka sá, er út lætur skipa, sekur um þetta brot.

Þá er ákveða skal sektir, skal taka hliðsjón til verðmætis þess, sem flytja skal eða flutt er í skipi.

Skip og farmur er að veði fyrir sektunum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

95 Áður en dómari úrskurði sektir, án þess að mál fari undir dóm, skal 30. júní málið borið undir stjórnarráðið.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað og fellur þá um leið úr gildi reglugjörð 24. p. m.

I stjórnarráði Íslands, 30. júní 1916.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

96
1. júlí

Breyting

á erindisbrjefi fyrir fiskimatsmenn frá 12. ágúst 1910.

5. gr. í erindisbrjefi 12. ágúst 1910 fyrir fiskimatsmenn skal vera svohljóðandi:

Þeir fá í kaup 75 auro um klukkustund hverja á virkum dögum og 1 krónu um klukkustund hverja á helgum dögum, sem þeir eru að vinnu, hvort sem það er við sortering fisksins eða með umsjón með vikt hans, útskipun eða hleðslu. Fari matið fram utan hinnar löggiltu verslunarlóðar, telst borgunin fyrir þann tíma, er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun eða góðgjörðum hverju nafni, sem nefnist, frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum, skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, er flytja á fiskinn út, að sýsla.

Í stjórnarráði Íslands, 1. júlí 1916.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.